

15. júní 1992

505

Nr. 209

## VIÐAUKI

**við reglugerð nr. 30 21. janúar 1992, um hrognkelsaveiðar.**

1. gr.

Aftan við 13. gr. reglugerðar nr. 30 21. janúar 1992 komi ný grein er orðist svo:

Prátt fyrir ákvæði 6. gr. er heimilt á árinu 1992 að stunda grásleppuveiðar á svæðum A, B og C til og með 8. ágúst, á svæði D til 23. júlí og á svæðum E og F til og með 7. júlí. Á svæði B innan línu, sem dregin er úr Krossnesvita í Lambanes er heimilt að stunda veiðar til og með 22. ágúst.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júní 1992.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Hjörtur Guðmundsson.*

5. júní 1992

Nr. 210

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 278/1977 um Tækniskóla Íslands  
með áorðnum breytingum.**

1. gr.

Aftan við c)-lið þriðju málsgreinar í 8. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Menntamálaráðuneytið getur, að tillögu skólanefndar, heimilað frávík frá framangreindum kröfum um verkunnáttu sem skilyrði fyrir inngöngu, enda sé þá jafnframt kveðið á um hvernig nauðsynlegrar þjálfunar skuli aflað innan tiltekinna tímamarka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 5. júní 1992.*

**Ólafur G. Einarsson.**

*Árni Gunnarsson.*

B 34

Prentsmiðjan Gutenberg hf.